

Símenntunaráætlun Grundaskóla skólaárið 2018 - 2019

Samkvæmt 12. grein grunnskólalaga frá 2008 á hver skóli að frumkvæði skólastjóra að móta áætlun til ákveðins tíma um hvernig símenntun starfsfólks skólans skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár. Kennarar og skólastjórar grunnskóla eiga kost á reglulegri símenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína en símenntun starfsmanna telst öll formleg fræðsla eins og nám, námskeið, fræðsluerindi og fræðslufundir. Einnig telst óformleg fræðsla eins og vettvangsferðir, handleiðsla, kynningar á kennarafundum, heimsóknir í kennslustundir hjá samkennum og skipulagðir leshringir til símenntunar.

Ákvörðun um námskeið eða fræðslufundi Grundaskóla byggir á stefnu skólans, áherslum hans og bæjarfélagsins. Gert er ráð fyrir að símenntunaráætlunin sé ávallt í endurskoðun og geti breyst eftir aðstæðum, tækifærum og verkefnum hverju sinni. Starfsmenn eru hvattir til þátttöku í fræðslu og námskeiðum. Starfsmenn skrá sjálfir menntun sína á þar til gert eyðublað og skila til skólastjórnar að vori.

Samkvæmt símenntunaráætlun skóla ber starfsmönnum að sækja þau námskeið sem þeim er ætlað að fara á enda sé hún gerð samkvæmt ákvæðum kjarasamnings. Endanleg ákvörðun símenntunar er í höndum skólastjóra og skólastjórnar.

Símenntun kennara og starfsfólks fer fram með ýmsu móti jafnt og þétt yfir skólaárið. Grundaskóli setur fram áætlun og fræðslu sem kennarar og/eða allir starfsmenn sækja. Sú fræðsla einkennist oft af þeim áherslum skólastarfsins og þeim markmiðum sem sett eru fram til að bæta annað hvort námsárangur skólans, líðan nemenda, líðan starfsfólk o.s.frv.

Símenntunin fer fram á misjafnan hátt; annars vegar formlega þar sem námskeið, framhaldsnám og/eða endurmenntunarnámskeið eru sótt. Hins vegar óformlega þar sem starfsfólk fer á ráðstefnur, málþing, fræðslu og kennarafundi, leshringi, lestur fræðiritra, notkun fjölmiðla og netmiðla o.s.frv. Mikilvægt er að hver starfsmaður skrái hjá sér þá endurmenntun sem hann stundar á þar til gert eyðublað.

Símenntunaráætlun Grundaskóla skólaárið 2018 - 2019 - yfirlit

Hópur	Lýsing á menntun	Tími	Umsjón
Skólastjórnendur	Vinnudagur um ný persónuverndarlög	Júlí 2018	Samband sveitarfélaga SÍ o.fl.
Kennarar og fagaðilar (almennir starfsmenn ef við á hverju sinni)	Raskanir nemenda í Grundaskóla og ráðleggingar til starfsmanna.	Ágúst 2018	Valgerður J. Oddsdóttir, fagaðilar stoðþjónusta
Allir starfsmenn	Námskeið Gallup - starfsmannakönnun	Haust 2018	Skólastjórn
Allir starfsmenn	Skyndihjálparnámskeið	Haust 2018	Skólastjórn, Heilbrigðisstofnun Vesturlands og RKÍ.
Allir starfsmenn	Brunavarnir og meðferð slökkvitækja	Haust 2018	Slökkvilið Akraness.
Fagaðilar	Hreyfifærni barna	Haust 2018	Skólasvið Akraneskaupstaðar
Stoðþjónusta		Haust 2018	

Yngsta stig	Námskeið í Byrjendalæsi	Haust 2018	Háskólinn á Akureyri – mistöð skólaþróunar.
Skólastjórn	Leshópur um fagleg málefni tengt stjórnun	Allt árið	Stjórn SÍ
Skólasamfélag	Net og skjánotkun – ofnotkun netsins	Haust 2018	Eyjólfur Örn Jónsson, sálfræðingur
Stoðþjónusta	Ráðstefna – óhefðbundnar tjáskiptaleiðir	Haust 2018	Þroskaþjálfafélag Íslands
Allir starfsmenn	Viðkvæm álitamál	21. ágúst	Guðrún Ebba Ólafsdóttir
Kennarar, skólastjórnendur og fagaðilar	Kennaraþing Vesturlands	September 2018	Félag grunnskólakennara, trúnaðarmenn og SKÓV
Allir starfsmenn	Uppeldi til ábyrgðar, (Restitution)	Allt árið	Teymi um Uppeldi til ábyrgðar, skólastjórn.
Amk. einn frá hverjum árgangi	Fræðsludagur um einhverfu og leiðir í kennslu	9. okt	Skóla og frístundasvið, Ásgerður Ólafsdóttir. Sérkennari og einhverfuráðgjafi.
Skólastjórn	Námstefna Skólastjórafélags Íslands	október	Skólastjórafélag Íslands
Unglingastig og fagaðilar	Fyrirlestur um verkefnaþætti nám og nýbreytni í námsmati	27. nóvember	Oddný Sturludóttir
Stoðþjónusta	Fræðsludagur Félags íslenskra sérkennara – Sérkennsla í skóla án aðgreiningar	23. nóv.	Félag sérkennara á Íslandi
Allt skólasamfélagið	Fyrirlestur um ofnotkun á lyfjum	26. nóv	Skóla og frístundasvið. Brúin. Guðrún Dóra Bjarnadóttir, geðlæknir.
Allir kennarar, fagaðilar og almennir starfsmenn ef við á.	Fræðsla og samráð kennara af öllum sviðum	Allt árið 1-2 í viku	Skólastjórn
Kennarar og fagaðilar	Skólaheimsóknir starfsmanna: Starfsmenn fara í litlum hópum í aðra sérvalda að kynna sér skólastarf	Okt-nóv	Deildarstjórar

Skólastjórn	Menntakvika HÍ	4. okt. 2018	Skólastjórn
Allir starfsmenn	Mannauðsdagur Akraneskaupstaðar	Nóvember 2018	Mannauðsteymi Akraneskaupstaðar
Stuðningsfulltrúar	Fundir með stuðningsfulltrúum	Allt árið - fast einu sinnu í mánuði	Deildarstjórar
Miðstig - kennarar	PALS	Nóvember 2018	Skóla og frístundasvið.
Skólaliðar	Fundir með skólaliðum	Allt árið - fast einu sinni í mánuði	Deildarstjórar
Kennarar og fagaðilar (stuðningsfr. ef við á)	Stoðteymisfundur Fagleg umræða um kennslu, skipulag og úrræði	6 vikna fresti	Stoðteymisstjórar
Stoðteymisstjórar og fagaðilar	Stoðteymisstjórafundir Þverfagleg umræða um stoðþjónustu, ígrundun og framtíðarsýn	Reglubundið allt árið	Deildarstjóri stoðþjónustu
Allir starfsmenn	Hálfleiksræða, Staða, stefna og sýn í skólastarfinu.	Fyrsti skipulagsdagur janúar 2019	Skólastjóri
Kennarar og fagaðilar.	Málstofur eru haldnar 1-2 í mánuði. Dæmi um málstofur eru:	Allt árið	Starfsmenn skólans
Almennum starfsmönnum velkomið að mæta eftir atvikum.	<ul style="list-style-type: none"> • Fjölbreyttar, hagnýtar og jákvæðar leiðir í kennslu, • Um Lesferil, • Notkun mynda og ólíkra tækifæra til að búa til ljósmyndabækur • Peers, • Fósturbörn, • Einhverfa, • Námsvinna með Knex, 		

- Forritun,
- Ólíkar ritunaraðferðir,
- Hugarfrelsi,
- Uppeldi til ábyrgðar
- Mentor
- Heimanám
- Tímon
- Heilsuefling í skólasamfélaginu
- Nemendalýðræði, lykill að árangri
- Numicon

Skólastjórn	Fræðslufundur SKÓV	Allt árið	Stjórn SÍ
Teymi	Bett ráðstefnan í London	23. - 27. janúar	Skólastjórn og tölvuumsjónarmaður
Unglingastig	Nýbreytnistarf, verkefnamiðað nám	Fræðslu- og samráðsfundir 2 sinnum í mán.	Flosi Einarsson
Yngsta og miðstig	Námskeið um hugarfrelsi	Febrúar 2019	Deildarstjórar
Skólastjórn	Námskeiðsstofur Gallup - stjórnendapjálfun	Allt árið – fjögur skipti	Skólastjórn
Allir kennarar	Menntabúðir á Vesturlandi	2-3 skipti á ári	Umsjónarteymi
Stoðþjónusta	Fræðsla og þverfagleg umræða	Tveir fundir á árinu	Valgerður J. Oddsdóttir, Dagný Hauksdóttir
Allir kennarar	Námskeið um námsmat	Júní 2019	Skólastjórn
Miðstig	Námsferð til Póllands	Júní 2019	Teymi
Yngsta stig	Námsferð til Finnlands – er í vinnslu	Júní 2019	Teymi